

Ársskýrsla og reikningur 2014



Aðalfundarfulltrúar KGSÍ á Hótel Hamri, laugardaginn 31. maí og sunnudaginn 1. júní 2014.

Kirkjugarðasamband Íslands

Maí 2015

Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍbls. 3 – 12

Aftan við skýrslu stjórnar eru eftirtalin skjöl:

- Dagskrá aðalfundar.
- Fjárhagsáætlun KGSÍ 2015.
- Uppgjör 2014 frá Fjársýslu ríkisins.
- Ársreikningur KGSÍ og In Memoriam ehf 2014 (sjá efnisyfirlit þar).

Ársskýrsla KGSÍ 2014

1. Framlag til kirkjugarða landsins árið 2014

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins fyrir árið 2014 var kr. 961.100.000. Vegna erfiðrar stöðu ríkisfjármála hefur framlagið verið skert á árabílinu 2009 til 2014. Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað gríðarlega frá 2009 og eru ekki lengur áhöld um hvort þau standi undir útlögðum kostnaði við grafartöku og prestsþjónustu. Skerðing að upphæð kr. 800.000, sem átti að koma á fjárhagsárið 2013, var ekki tilkynnt það ár og kom því til framkvæmda 2014. Til skiptanna voru því kr. 960.300.000 á árinu 2014, þar af fara kr. 704.110.800 í fastar greiðslur (umhirðu) sem á að kosta rekstur kirkjugarða að undanskildum kostnaði við grafartöku og prestsþjónustu. Til greftrana og prestsþjónustu er varið kr. 147.470.550, til bálstofu kr. 27.093.150 og í kirkjugarðasjóð kr. 81.625.500. Framlagið 2014 var 960.300.000 og er skiptingin þessi:

Kirkjugarðasjóður	kr. 81.625.500
Umhirðusjóður	kr. 704.110.800
Grafarsjóður	kr. 147.470.550
Bálstofan í Fossvogi	kr. 27.093.150
Samtals framlag 2014	kr. 960.300.000

Framlag ríkisins árið 2013 var með framlagi í kirkjugarðasjóð kr. **924.900.000** og var hækkunin 3,8% milli ára 2013 og 2014. Stærstur hluti gjalda hjá kirkjugörðum er launakostnaður (um 70% hjá stærri gördunum). Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 6,3%. Samningurinn milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 gerir ráð fyrir hækkun einingaverða (umhirðugjald, greftrunargjald og bálstofa) með þeim hætti að stækkun grafarsvæða og aukinn fjöldi jarðsetninga hækka framlagið umfram verðlagsbreytingar (almenn þróun verðlags og launa). Þó að einingaverðin hafi nú verið að hækka á milli ára eru þau enn skert vegna „hagræðingarkröfu“ ríkisstjórnarinnar og framlögin lækkuðu á árunum þar á undan og hefur sú skerðing ríkisins ekki verið leiðrétt og er varanleg. Þess vegna þarf að endursemjja um framlag til kirkjugarða.

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram hver þróun einingaverðs hefur verið frá árinu 2008 til 2014 á móti hækkun byggingarvísitölu. Stjórn KGSÍ spyr: Hvernig á að vera hægt að veita lögbundna þjónustu eftir að slíkt misgengi hefur átt sér stað? Breyting á framlagi til kirkjugarða og breyting bygg.v.t.	2008	2014	Hækkun %
Einingakostnaður umhirðu (kr/m ²)	543 kr	572 kr	5,4
Einingakostnaður vegna grafartöku (kr/kistugröf)	96.829 kr	102.097 kr	5,4
Einingakostnaður vegna líkbrenslu	61.535 kr	64.884 kr	5,4
Byggingarvísitala (424,7 stig í júní 2008 og 604,2 í júní 2014)	427,7	604,2	41,3

2. Hlutverk KGSÍ við útreikninga á framlagi ríkisins til kirkjugarða

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins og presta sem fá greitt fyrir þjónustu við útfarir:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald. Greftrunargjald er ákveðið í upphafi hvers árs og fer gjaldið eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur. Á heimasíðunni www.gardur.is/2015 má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er á yfirstandandi ári og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum gardur.is og viðkomandi prestur hefur fyllt út dánarskýrslu. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
 - a) Kirkjugarðasjóður fær 8,5% af heildarframlagi beint frá Fjársýslu ríkisins.
 - b) Greftrunarsjóður v/greftrana.
 - c) Umhirðugjald til kirkjugarða landsins.
 - d) Framlag til bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikninga KGSÍ 15. hvers mánaðar.
5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar:
 - a) **umhirðugjaldið** inn á reikninga kirkjugarða,
 - b) **greftrunargjaldið** til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á gardur.is í mánuðinum á undan og þóknun til presta fyrir þjónustu við útfarir,
 - c) inn á reikning **bálstofunnar** í Reykjavík.

Eins og áður sagði hefur einingaverðið ekki fylgt þróun kaupgjalds og verðlags á undanförunum árum og er nú svo komið að erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir.

3. KGSÍ annast mörg föst verkefni

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. Fyrstu þrjú árin komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirðan) og frá Kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

Frá ársbyrjun 2012 hefur KGSÍ enn aukið þjónustu við kirkjugarða og presta landsins með því að sjá um greiðslur til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Það fyrirkomulag sem áður var við lýði var

með þeim hætti að sá kirkjugarður sem grafið var í greiddi presti fyrir þjónustu við útfarir eftir að viðkomandi prestur hafði sent reikning til kirkjugarðsins. Nýja fyrirkomulagið hefur stóraukið skýrsluskil, bæði frá prestum og kirkjugörðum og hafa allar væntingar stjórnar KGSÍ um ágæti nýja fyrirkomulagsins gengið eftir. Í ársskýrslu KGSÍ 2012 er nánar sagt frá þessu verkefni sambandsins og má fletta skýrslunni upp á slóðinni www.kgsi.is og þar undir aðalfundir.

Dóknun til presta hefur hækkað um 44% á einu og hálfu ári – ekki króna á móti frá ríkinu

Tekjur kirkjugarða í dreifbýli fyrir kistugröf á móti greiðslu fyrir þjónustu presta:				Tekjur kirkjugarða í meðalstórum kirkjugörðum fyrir kistugröf á móti greiðslu fyrir þjónutu presta:			
Útför	18.599		dreifibýli	Útför	18.599		Þorp og minni
Bæen	5.723		fl. 1; 2; 3 og 4	Bæen	5.723		kaupstaðir
Aksur	20.507			Aksur	4.176		fl. 5-8
Kost. alls:	44.829	89.519		Kost. alls:	28.498	79.751	
	Mism.:	44.690	grafarkostn.		Mism.:	51.253	grafarkostn.
Tekjur kirkjugarða í stórum kirkjugörðum fyrir kistugröf á móti greiðslu fyrir þjónutu presta:				Í skýrslu Haraldr L. Haraldssonar Fjármál kirkjugarða - greining og tillögur (bls. 37) segir: "Hvað grafartöku áhrærir þá er ljóst að aðstæður og forsendur eru ólíkar eftir legu og gerð garða, fjarlægð frá bækestöð verktaka og margs annars. Því er erfitt að finna eitt verð sem á alls staðar við. Eftir að hafa skoðað rauntölur kirkjugarða, hvað varðar kostnað við grafartöku, þá virðist reglan oft vera að grafarverð sé í raun miðað við það fjármagn sem til verkefnisins er veitt en ekki miðað við raunkostnað á aðkeyptri vinnu".			
Útför	18.599		Stórir bæir				
Bæen	5.723		þéttbýli				
Aksur	4.176						
Kost. alls:	28.498	72.303					
	Mism.:	43.805	grafarkostn.				

Í töflunni hér að ofan er gerð grein fyrir því hversu stóran hlut prestsþjónustan tekur af framlagi ríkisins. Afgangurinn, sem er frá kr. 43.805 til 51.253, á síðan að nægja til að greiða verktakanum fyrir grafartöku eða rekstrarkostnaði hjá stærstu gördunum. Láta mun nærri að afgangurinn sé fjórðungur af því sem hann þarf að vera. Þessar hækkanir og þá ekki síður sú rýrnun sem orðið hefur á einingaverði til kirkjugarða eru að setja þá í þrot.

Ljóst má vera að hér þarf að grípa hratt inn í. Upp er komin sú staða hjá kirkjugörðum að ekki er hægt að fá verktaka til að taka grafir og senn líður að því að aðstandendur verði sjálfir að taka grafir til að jarðsetja ástvini sína. Ráðamenn verða að skynja alvöru þessa máls og þeir sem stóðu að þessum samningum í innanríkisráðuneytinu verða að axla þá ábyrgð sem störfum þeirra fylgja. Kirkjugarðar hafa ekki fengið eina krónu á móti þessum kostnaði. Þetta bætist við þann vanda sem fyrir er.

Tekið skal fram að stjórn KGSÍ hefur ekki skoðun á því hvort hækkunin til presta sé of mikil út af fyrir sig, heldur er það gagnrýnt að innanríkisráðuneytið semji við presta um slíka hækkun án þess að mótframlag hafi verið greitt til kirkjugarða.

4. Aðalfundur 2014

Aðalfundurinn var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi laugardaginn 31. maí og sunnudaginn 1. júní. Aðalfundurinn var vel sóttur, 51 fundarmenn rituðu nöfn sín á nafnalista og við kvöldverðarborðið var heildartala með mökum 84.

Fundurinn hófst kl. 13:00 fyrri daginn og stóð til kl. 16:00 og seinni daginn hófst hann kl. 10:00 og lauk kl. 12:00. Aðalfundargestir tóku nánast allt hótelið sem eftir stækkun býður upp á 44 velbúin herbergi. Margt fróðlegt var á dagskránni og ýmislegt til skemmtunar eins og ávallt.

Fyrri daginn flutti Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkv.stj. kirkjugaráðs, erindi sem hann nefndi „Fréttir frá kirkjugaráði“. Guðmundur Rafn flutti erindi sitt í mynd og máli og þótti fundarmönnum fróðlegt að fræðast um þau mörgu og fjölbreyttu verkefni sem hann hefur á sinni könnu.



Guðmundur Rafn

Meðan á fundi stóð fyrri daginn fóru makarnir í skoðunarferð um Borgarnes og síðan að Borg á Mýrum þar sem sr. Þorbjörn Hlynur prófastur tók á móti hópnum og sagði frá höfuðbólínu. Eftir fundinn fór síðan allur hópurinn að Reykholti og þar tók sr. Geir á móti mannskapnum og sagði frá sögu staðarins. Hátíðarkvöldverður var um kvöldið og við borðhaldið var Ólafur Þ. Guðmundsson frá Njarðvík gerður að heiðursfélaga. Síðan var dansinn stiginn til kl. 01.

Næst var fjallað um skýrslu Haraldar L. Haraldssonar „Fjármál kirkjugarða – greining og tillögur“ Þrír fulltrúar innan KGSÍ fjölluðu um skýrsluna. Þeir Erlendur Geir Arnarson KGH, Smári Sigurðsson KGA, og Þórsteinn Ragnarsson KGRP. Skýrslan í heild var áður kynnt á aðalfundinum á Akureyri 2013 en þá kom höfundur skýrslunnar á fundinn með nýútkomna skýrsluna.

Smári Sigurðsson rifjaði upp að á árunum 2000 – 2003 var farið í að undirbúa breytingu á tekjakerfi kirkjugarða með útgáfu skýrslu um fjármál kirkjugarða sem kom út 2003. Samningur var gerður við ríkið 2005. Frá 2009 hefur verið skerðing á greiðslum til kirkjugarða. Smári fór yfir rekstur Kirkjugarða Akureyrar og bar saman við tekjur. Þar kom fram að einingaverð til kirkjugarða eru of lág miðað við raunkostnað. Einnig sagði hann frá umhirðu, tekjum og kostnaði Laugalandsprestakalls. Fram kom að almennt virðist vera mikill munur á tekjuþörf og raunverulegum tekjum. Haraldur L. Haraldsson bendir á í skýrslunni að ýmsir kirkjugarðar standa vel og hafa safnað í sjóð en sumir þeirra eiga eftir að fara í framkvæmdir sem sumar eru fjárfrekar. Mikil sjálfboðavinna skeykir tekjuþörf margra kirkjugarða.

Erlendur Geir Arnarson fjallaði um það hvort kirkjugarðar ættu að standa í rekstri líkhúsa. Vísaði hann til heimildar í lögum sem heimilaði reksturinn. Varpaði hann þeirri spurningu fram, hvort kirkjugarðar

með núverandi rekstri líkhúsa stæðu ekki í góðgerðastarfsemi fyrir ríkið. Einnig spurði hann hvaða sýn menn hefðu á fyrirkomulagið.



Smári



Þórsteinn



Erlendur

Þórsteinn Ragnarsson ræddi um hvort KGSÍ ætti að taka upp „skraddarasaumað“ greiðslukerfi fyrir kirkjugarða landsins, þ.e. að rekstrargreina hvern garð mun meira en gert er. Hann sagði það vel fært að fara yfir hvern garð og sérmeta tekjuþörf hans. Mun erfiðara væri að fá þau einingaverð sem út væru reiknuð samþykkt af ráðamönnum og greiða eftir þeim.

Seinni fundardagur hófst á erindi Stefáns Gunnarssonar garðyrkjufræðings hjá KGA. Stefán flutti fröðlegt erindi sem hann nefndi „Úr smiðju garðyrkjudeildar KGA“.

Því næst flutti Þórsteinn Eyþórsson frá Borgarнесi erindi um kirkjugarðinn þar, rekstur hans og stækkunaráform. Búið er að skipuleggja, hanna og bjóða út verkið og mun vera kominn verktaki sem tekur það að sér. Að lokum flutti Egill Ólafsson sagnfræðingur og heimamaður erindi um Borgarnes.



Stefán



Egill



Þórsteinn gerir að gamni sínu og Bjarni og Smári kætast óskaplega.

Hann greindi frá ýmsum atburðum úr sögu bæjarins, samskiptum ráðamanna og þá sérstaklega sóknarprests og sýslumanns. Egill Ólafsson sagnfræðingur lést í janúar sl. aðeins 52ja ára að aldri. Hann var blaðamaður við Morgunblaðið og vann m.a. við að færa á bók sögu Borgarnes.

Undir liðnum önnur mál kom fram spurning um það hvort of mikið væri að halda aðalfund árlega og hvort ástæða væri að hafa aðalfundi sem væru minni í sniðinu, t.d. annað hvert ár en stærri aðalfundi þess á milli. Þórsteinn sagði það sína skoðun að halda beri aðalfund árlega til að halda góðum takti við

grasrótina en vissulega væri alltaf ástæða til að líta á kostnaðarhliðina. Fram kom að aðalfundir væru eini vettvangur starfsmanna kirkjugarða til að fjalla um sín málefni. Ólafur Valgeirsson og margir fleiri tóku undir þá skoðun að hittast árlega. Rætt var um tímasetningu aðalfundar. Arnór Sigurðsson lagði til að fundur yrði færður frammar í árinu eða þá að halda hann seinna í árinu, í október. Erlendur Geir telur árlegan aðalfund vera ómetanlegan vettvang fyrir starfsmenn garðanna.

Í tilefni erfiðrar fjárhagsstöðu kirkjugarða og útkomu skýrslu Haraldar var samþykkt ályktun í lok fundar sem send var ráðamönnum:

Ályktun aðalfundar Kirkjugarðasambands Íslands, sem haldinn var í Borgarnesi laugardaginn 31. maí og sunnudaginn 1. júní 2014, send innanríkisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Aðalfundurinn fagnar því að innanríkisráðherra hafi skipað þriggja manna nefnd eftir tilnefningu frá innanríkisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og kirkjugarðaráði til að fara yfir fjármál kirkjugarða, m.a. skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings sem kom út árið 2013, samkomulagið milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 og fleiri brýn mál er snerta málaflokkinn, s.s. frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða sem bíður afgreiðslu þingsins. Ætla má að meginverkefni nefndarinnar verði að bera saman fjárveitingar ríkisins við raunverulegan kostnað við rekstur kirkjugarða. Lögð er áhersla á að þau mörgu brýnu málefni kirkjugarða, sem verið hafa á borði innanríkisráðherra, verði afgreidd í framhaldi af störfum nefndarinnar þjóðinni til heilla.

5. Stjórn og formaður

Stjórn og varastjórn gáfu áfram kost á sér. Á aðalfundinum á Hótel Hamri voru endurkosnir í stjórn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkv.stj. kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem kosinn var formaður. Í varastjórn voru endurkosin Indriði Valdimarsson frá Akranesi og Þórunn Ragnarsdóttir frá Árbæjarkirkjugarði í Holtum. Katrín Birna Viðarsdóttir frá Ásólfskála, sem lengi hefur setið í varastjórn, gaf ekki kost á sér. Varamenn voru boðaðir á marga stjórnarfundum þó ekki væri um forföll aðalmanna að ræða. Þjóðbjörn Hannesson, Akranesi, og Sveinn Valdimarsson, Keflavík, voru kjörnir skoðunarmenn reikninga. Erlendi Geir Arnarsyni, fráfarandi skoðunarmanni reikninga, voru færðar bestu þakkir en hann er að hætta í stjórn KGA. Öllu þessu fólki voru á aðalfundinum færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Á milli aðalfunda voru haldnir átta stjórnarfundir auk margra óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru flestir haldnir í Reykjavík, einn á Akureyri og einn á Akranesi. Varamenn voru með á þeim fundum þar sem stærri mál voru rædd.

6. Sameining kirkjugarðastjórna

Ekkert gerðist á þessum vettvangi á árinu 2014. Áhugi er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum en það er eins og beðið sé eftir einhverjum leiðbeinandi reglum eða reglugerð um sameininguna. Allt hefur sinn tíma og það er skoðun stjórnar KGSÍ að „meðgöngu“ þessa máls sé nærri lokið. Vonandi verður hægt að setja inn í lagafrumvarpið ákvæði um sjálfvirka sameiningu við viss skilyrði öllum til hagsbótar. Nefnd sú sem er að störfum og fjallar m.a. um tillögur að lagabreytingum telur að setja þurfi ákvæði um sameiningu stjórna í lög um kirkjugarða og gefa eðlilega aðlögun að þeim breytingum.

7. Allar peningafærslur til kirkjugarða og presta á gardur.is

Í lok árs 2009 var sett upp ársyfirlit fyrir kirkjugarða á slóð tengdri gardur.is. Yfirlitið virkar með þeim hætti að þær greiðslur sem berast frá ríkinu eru færðar á tekjuliði garðanna. Á þessari slóð er hægt að sjá frá mánuði til mánaðar framlag ríkisins á hverju ári. Einnig er hægt að sjá nöfn þeirra sem jarðsettir eru í viðkomandi garði og greiðslur vegna grafartöku og til presta. Þarna er kominn vísir að bókhaldskerfi fyrir minni garða. Samskonar greiðsluyfirlit er inni á vinnusvæði presta og geta þeir flett þar upp þeim útförum sem þeir hafa annast og hafa komið til greiðslu frá KGSÍ.

8. Ráðherraskipuð nefnd sem fjalla á um fjármál kirkjugarða o.fl. er að störfum

Í júlí 2014 skipaði þáverandi innanríkisráðherra nefnd til að fara yfir fjármál kirkjugarða og fleira tengt málaflöknum, t.d. lagafrumvarpið. Skýrsla Haraldar L Haraldssonar var kveikjan að þessari nefndarskipan og óskaði kirkjugarðaráð eftir skipan hennar. Í nefndinni eru þrír aðilar, formaður nefndarinnar er frá innanríkisráðuneyti, hinir tveir eru annars vegar frá fjármálaráðuneyti og hins vegar frá kirkjugarðaráði.

Viðfangsefni nefndarinnar er fjórþætt þegar rýnt er í skipunarbréfið:

1. Kanna þær **forsendur sem lágu að baki gildandi samkomulagi** um framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða sem undirritað var 15. apríl 2005.
2. Fara yfir samkomulagið með tilliti til þeirra **viðmiðana** sem þar eru fyrir árlegu framlagi ríkissjóðs til starfsemi kirkjugarða **og hvað felist í því** að þessu framlagi sé ætlað að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarða.
3. Huga almennt að **breytingum sem rétt þykir að gera á lögum um kirkjugarða**.
4. Athuga hvort ákvæði laganna séu nægilega skýr **um hvaða þjónustu ætlast sé til að kirkjugarðar láti almennungi endurgjaldslaust í té** hafandi í huga gildandi samkomulag um að framlagi ríkissjóðs til kirkjugarða sé ætlað að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni þeirra.

Með skipun nefndarinnar og starfi hennar kemur fram vilji fagráðuneytis til að fara á hlutlægan og faglegan hátt yfir málefni kirkjugarða á breiðum grunni og komast að ásættanlegri málamiðlun um þau

atriði sem ekki hefur verið samstaða um innan stjórnáslunnar á undanförunum árum og má þar nefna forsendubrest samkomulags milli ríkisins og kirkjugarðaráðs, ágreining um kostnað við rekstur líkhúsa og athafnarýma og endurskoðun frumvarps um breytingar á lögum um kirkjugarða. Um þetta tel ég að nefndarmenn séu sammála og vinni samkvæmt því.

Því er þó ekki að leyna að **nefndarstarfið hefur dregist úr hömlu** og er það bagalegt því vissulega munu hæg vinnubrögð ekki koma sér vel fyrir kirkjugarða þegar litið er til þeirra vandræða sem þeir eru í. Ekki er enn ljóst hvort samstaða næst í nefndinni um sameiginlegar niðurstöður en vissulega væri það æskilegt til að skýr skilaboð berist núverandi ráðerra um ástand þessa málaflokks. Ekki er hægt á þessu stigi að segja nánar frá starfi nefndarinnar en óhætt er að segja að hún mun bæta við rannsóknargagni um málaflokkinn. Á undanförunum 20 árum hafa fjármál kirkjugarða verið rannsökuð í bak og fyrir. Vönduð samhljóma gögn hlaðast upp í innanríkisráðuneytinu sem sýna að kirkjugarðar hafa ekki verið meðhöndlaðir af sanngirni. **Skeytingarleysi ráðamanna gagnvart þessari samfélagsþjónustu, sem siðaðar þjóðir vilja hafa í lagi, er ótrúlegt. Við þurfum ekki fleiri nefndir og ekki fleiri skýrslur, við Íslendingar þurfum ábyrga, óhrædda og heiðarlega embættismenn í stjórnunarstöður þar sem þessi mál eru rædd og ákvarðanir teknar.**

9. Legstaðaskráin gardur.is

Hin miðlaega legstaðaskrá **Gardur** er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Eitt af



meginmarkmiðunum með stofnun hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna manna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta

markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð, um 500 uppfléttingar á dag að jafnaði. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við legstaðaskrána Gard hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkefri í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeiðnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi standa öllum kirkjugörðum opin og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar.

Margir kirkjugarðar hafa nú þegar verið mældir inn með GPS-tækni og hafa kortin verið sett jafnóðum inn á vefinn. Áfram er unnið við að tengja þessi kort við Gard og er það gert í samvinnu við fyrirtækið Ísgraf ehf sem sérhæfir sig í kortagerð út frá loftmyndum. Kirkjugarðaráð og KGRP gerðu á árinu 2012 samning við Ísgraf ehf um frekari þróun þessarar tækni. Áformað er að þeir sem skoða kirkjugarða og legstaði í framtíðinni geti nálgast viðkomandi kirkjugarð út frá loftmynd af því landsvæði sem garðurinn er hluti af og hægt verði að smella á hvaða leiðisnúmer sem er og fá upplýsingar um hver liggur þar undir. Þessi samtenging eykur öryggi og auðveldar starfsfólki kirkjugarða úthlutun grafa. Gert var ráð fyrir að KGRP opnaði fyrir þessa notkun á síðasta ári, það gekk ekki eftir en vonandi verður það gert á þessu ári.

KGRP hafa tekið Garð í notkun sem framtíðarlegstaðaskrá fyrir starfsemina og einnig sem bókunartæki fyrir útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu og skráningarkerfi í líkhúsinu í Fossvogi. Það gefur auga leið að mikill sparnaður er í því fölginn að kirkjugarðar landsins noti miðlægu skrána Garð. Sú þróunarvinna sem unnin hefur verið stendur öllum kirkjugörðum landsins til boða án endurgjalds. Þá vinnu hafa KGRP og Kirkjugarðasjóður kostað. Ljóst er að þessi útvíkkaða notkun á vefsíðunni hentar einungis stærstu görðum landsins.

Stjórn KGSÍ hefur ákveðið að færa enn út kvíarnar í tölvumálum og láta gera forrit (app) fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Áður en af því verður þarf að fara yfir öll kerfin sem gardur.is er samansettur af og uppfæra þau til að tryggja öryggi gagna. Þetta verður fjárfrekt verkefni en engu að síður nauðsynlegt fyrir bæði almenna notendur og þá sem nota kerfin við vinnu sína.

10. Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð

Samkvæmt lögum hefur kirkjugarðaráð yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s útdeilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl. Á síðasta ári var framlengdur þjónustusamningur milli KGSÍ og kirkjugarðaráðs sem felur í sér sex milljón króna framlag frá kirkjugarðasjóði á ári næstu fjögur árin.

11. Útgáfa Bautasteins - fagríts og fréttabréfs

Bautasteinn (fagrítið) kom út í maí 2014 (1. tölublað 19. árgangs). Hulda G. Geirsdóttir, blaðamaður, hefur séð um viðtöl og greinaskrif í blaðið undanfarin ár og Sigurjón Jónasson, fyrrv. rekstrarstjóri KGRP og jafnframt heiðursfélagi í KGSÍ, hefur séð um auglýsingasölu, samskipti við prentsmiðju og útlit blaðsins ásamt ritnefndarmönnum. Blaðið flytur faglegar greinar af vettvangi kirkjugarðamála og fylgist með því sem er efst á baugi í útfara- og kirkjugarðamálum. Ekki er vafi á því að blaðið eykur hróður KGSÍ, margir hafa farið lofsamlegum orðum um blaðið og hælt smekklegu útliti þess og vönduðu efnisvali.

Auglýsingasala og sala blaðsins til stærri kirkjugarða hefur nokkurn veginn staðið undir kostnaði við útgáfuna. Á slóðinni: www.kgsi.is má sjá Bautastein frá upphafi. Blaðið kemur út í 1.400 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja.



Bautasteinn, fréttabréf (1. tbl. 12. árg.) kom síðast út í desember 2013 og hefur sömu dreifingu og fagritið. Hægt er að skoða fréttabréfin á slóðinni: www.kgsi.is. Ritnefndarfundir vegna Bautasteins hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundi áður en blaðið kemur út á vorin.

12. Erlend samskipti - NFKK

KGSÍ á aðild að norrænu samtökunum NFKK (Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier og eiga formaður og varaformaður KGSÍ sæti í stjórn þess. Sjá slóðina:

<http://www.nfkk.eu/index.html>

13. Góð samstaða þeirra sem vinna að málefnum kirkjugarða

Þeim fjölmörgu sem starfa innan málaflokksins víða um land eru þakkir fyrir samstarfið á árinu 2014. Margir lögðu hönd á plóginn og ber að þakka góðan liðsanda og samstarf að þeim þýðingarmiklu verkefnum sem KGSÍ er falið að sinna. Ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem kirkjugarðar hafa búið við undanfarin ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða. Bestu þakkir færir stjórn KGSÍ öllu þessu fólki.

Reykjavík, 4. maí 2015

Í stjórn

Þórsteinn Ragnarsson
stjórnarformaður

Smári Sigurðsson
stjórnarmaður

Guðmundur Rafn Sigurðsson
stjórnarmaður

REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ
FYRIR ÁRIÐ 2015

- -

REKSTRARTEKJUR:

Sala auglýsinga í vorblað	1.200.000
Aðrar tekjur vegna vorblaðs (ca. 400 eint. á 800 kr/stk.)	320.000
Skráning ítarefnis	75.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði	6.500.000

SAMTALS	
KR:	8.095.000

REKSTRARGJÖLD:

Útgáfukostnaður Bautasteins:

Prentun vorblaðs	800.000
Prófarkarlestur og hönnun vorblaðs	700.000
Fréttabréf KGSÍ	175.000
	<u>1.675.000</u>

Dreifingarkostnaður Bautasteins:

Burðargjöld vegna vorblaðs	185.000
Burðargjöld vegna fréttabréfs	115.000
Burðargjöld önnur	5.000
Pökkunarkostnaður Gíróseðlar, límmiðar o.fl.	50.000
	<u>2.000</u>
	357.000

Annar

kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.500.000
--------------------------	-----------

Aðalfundarkostnaður	20 ára afmæli	600.000
Bókhaldsvinna, reikningagerð (KGRP)		490.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni		150.000
Stjórnarfundakostnaður vegna funda		350.000
Kostnaður sérfræðinga		500.000
Innlendur ferðakostnaður		120.000
Námskeiðahald og aðrir fundir		100.000
Ferðakostnaður vegna NFKK		350.000
Móttaka NFKK í Reykjavík, aðstaða og matur		350.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is		500.000
Auglýsingar og ýmis tilfallandi kostnaður		100.000
		<u>5.110.000</u>
	SAMTALS	
	KR:	7.142.000
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		953.000
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS- GJÖLD:		
Vaxtatekjur		100.000
Vaxtagjöld		50.000
HAGNAÐUR AF REGLULEGUM REKSTRI ÁRSINS	SAMTALS	
	KR:	1.003.000

20. aðalfundur KGSÍ

haldinn 9. maí 2015 á Hótel Natura í Reykjavík

Fundurinn hefst kl. 09:00 með venjubundnum aðalfundarstörfum og stendur til kl. 15:00. Norski landslagsarkitektinn **Helge Klingberg** verður með aðalerindi fundarins. Hann mun segja frá skipulagi kirkjugarðamála í Noregi og verður erindi hans þýtt yfir á íslensku og verður því dreift til fundarmanna fyrir fundinn.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2014 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. Kirkjugarðar í Noregi - **Helge Klingberg** landslagsarkitekt.
8. Tölvumál framtíðarinnar – Bjarni Lárus Hall flytur erindi.
9. Formaður KGSÍ gerir grein fyrir vinnu ráðherranefndar um málefni kirkjugarða.
10. Erindi heimamanns. Sr. Hjálmar Jónsson flytur erindi að eigin vali.
11. Önnur mál.

Skoðunarferð um höfuðborgarsvæðið.

Eftir fundinn verður farin skoðunarferð innan höfuðborgarsvæðisins og um kvöldið munu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra snæða saman kvöldverð á Hótel Natura kl. 19:30 og skemmta sér saman. Léttar veitingar meðan á skoðunarferð stendur eru í boði KGRP. **Helstu tímasetningar í tengslum við aðalfundinn.**

Föstudagurinn 8. maí:

13:00 – 15:00 Málþing á Hótel Natura.
15:00 – 15:30 Kaffi.
16:00 – 18:00 Tækjasýning og léttar veitingar. Rúturnar fara frá hótelinu kl. 15:45.

Laugardagurinn 9. maí:

09:00 – 12:00 Aðalfundarstörf.
12:00 – 13:00 Hádegismatur.
13:00 – 15:00 Aðalfundarstörf.
15:15 – 17:30 Skoðunarferð um höfuðborgarsvæðið. Rúturnar fara frá hótelinu kl. 15:15.
19:30 – 24:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun.

Sunnudagurinn 10. maí:

10:00 – 11:00 Kveðjustund í Fossvogskirkju. Skoðunarferð um húsakynni fyrir þá sem þess óska.

F.h. stjórnar,



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.



2014

Kirkjugarðsgjöld

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Uppgjörssvið

**Kirkjugarðsgjald
2014**

	<u>Eftirstöðvar í ársbyrjun</u>	<u>Kirkjugarðsgjald 2014</u>	<u>Greitt 2014</u>	<u>Eftirstöðvar í árslok</u>
Kirkjugarðar.....	0	878.674.500	878.674.500	0
Kirkjugarðasjóður.....	0	81.625.498	81.625.498	0
Samtals	<u>0</u>	<u>960.299.998</u>	<u>960.299.998</u>	<u>0</u>

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Uppgjörssvið

Kirkjugarðsgjöld Staða viðfanga 31.12.2014

Viðfang=0673311100 (Kirkjugarðar)

Allar tegundir

22752 Ógreitt útsvar, sóknargj.ofl.

0

55000 Kaup á þjónustu**878.674.500**

Samtals

878.674.500

Stofnun=06733 (Kirkjugarðasjóður)

Viðfang=0673311101

Allar tegundir

22752 Ógreitt útsvar, sóknargj.ofl.

0

55000 Kaup á þjónustu**81.625.498**

Samtals

81.625.498

Samtals 2014**960.299.998**

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Uppgjörssvið

Kirkjugarðasjóður Uppgjör 2014

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 36/1993 skulu tekjur Kirkjugarðasjóðs vera á milli 8% til 12% af kirkjugarðsgjöldum.

Kirkjugarðsgjöld 2014 að frádregnum hluta óstaðsettra voru kr. 960.299.998
Hluti Kirkjugarðasjóðs 8,5% var því kr. 81.625.498

Kirkjugarðsgjald vegna manna sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá greiðist til sjóðsins skv. 39. gr. laga nr. 36/1993. Á árinu 2014 var enginn skráður óstaðsettur hjá Hagstofu Íslands.

Viðskiptareikningur 2014

Staða 01.01.14.....	kr.	0
Hluti af kirkjugarðsgjöldum.....	kr.	81.625.498
Óstaðsettir.....	kr.	<u>0</u>
	kr.	0
Greitt 2014.....	kr.	<u>81.625.498</u>
Inneign 31.12.14.....	kr.	<u><u>0</u></u>

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Uppgjörssvið

**Kirkjugarðsgjöld til kirkjugarða 2014
og hluti þeirra til Kirkjugarðasjóðs**

Kennitala	Nafn	Kirkjugarðsgjald jan-des	Greitt 2014	Ógreitt 2014
6811962429	Framlag vegna fastakostnaðar	704.110.800	704.110.800	0
6811962429	Framlag vegna grafartöku	147.470.550	147.470.550	0
6811962429	Framlag vegna líkbrennslu	27.093.150	27.093.150	0
5907840449	Kirkjugarðasjóður	81.625.498	81.625.498	0
		960.299.998	960.299.998	0

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Uppgjörssvið

Gjaldfærsla	Kirkjumálasjóður	Greiðslufirnit úr Oraclekerfinu					Greiðsludagsetning
		Fastakostnaður	Grafataka	Líkbrennsla	Heildargreiðsla		
Janúar	6.807.788	58.736.900	12.289.207	2.257.768	80.091.663	15. janúar 2014	
Febrúar	6.801.610	58.670.354	12.289.213	2.257.762	80.018.939	17. febrúar 2014	
Mars	6.801.610	58.670.354	12.289.213	2.257.762	80.018.939	17. mars 2014	
Apríl	6.801.610	58.670.354	12.289.213	2.257.762	80.018.939	15. apríl 2014	
Maí	6.801.610	58.670.354	12.289.213	2.257.762	80.018.939	15. maí 2014	
Júní	6.801.610	58.670.354	12.289.213	2.257.762	80.018.939	16. júní 2014	
Júlí	6.801.610	58.670.355	12.289.213	2.257.762	80.018.940	15. júlí 2014	
Ágúst	6.801.610	58.670.355	12.289.213	2.257.762	80.018.940	15. ágúst 2014	
September	6.801.610	58.670.355	12.289.213	2.257.762	80.018.940	15. september 2014	
Október	6.801.610	58.670.355	12.289.213	2.257.762	80.018.940	15. október 2014	
Nóvember	6.801.610	58.670.355	12.289.213	2.257.762	80.018.940	17. nóvember 2014	
Desember	6.801.610	58.670.355	12.289.213	2.257.762	80.018.940	15. desember 2014	
	81.625.498	704.110.800	147.470.550	27.093.150	960.299.998		

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Uppgjörssvið

**Afstemming
Uppgjör 2014**

Viðfang	Tegund	Úr Excel	Úr Oracle	Mism.
067330	Efnahagur			0
0673311100	Kirkjugarðar	55000	878.674.500 878.674.500	0
0673311101	Kirkjugarðasjóður	55000	81.625.498 81.625.498	0

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2014

Kirkjugarðasamband Íslands
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 681196-2429

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2014

Þannig samþykkt á stjórnarfund 4. maí 2015

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 4. maí 2015.

Deloitte ehf.



Halldór Arason,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega ahgsmuni þeirra.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tekjur umfram gjöld af rekstri ársins námu kr. 1.947.637. Rekstrartekjur námu samtals kr. 7.667.085 Heildareignir námu kr. 9.565.186 og eigið fé í árslok 2014 nam kr. 7.073.671.

Að álit framkvæmdarstjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Framkvæmdastjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2014.

Reykjavík, 4. maí 2015

Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson
stjórnarformaður



Smári Sigurðsson
stjórnarmaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson
stjórnarmaður

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2014 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 4. maí 2015


Þjóðbjörn Hannesson


Sveinn Valdimarsson

Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld og styrkir		6.400.200	6.336.900
Tekjur af útgáfustarfsemi		1.266.885	1.190.191
		<u>7.667.085</u>	<u>7.527.091</u>
Rekstrargjöld			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		1.478.897	1.605.950
Laun og tengd gjöld	3	1.308.555	1.281.554
Annar rekstrarkostnaður		3.006.308	4.392.602
		<u>5.793.760</u>	<u>7.280.106</u>
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		1.873.325	246.985
Fjármunatekjur	4	114.558	53.673
Fjármagnsgjöld	5	(40.246)	(20.588)
Tekjur umfram gjöld		<u>1.947.637</u>	<u>280.070</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir			
Eignarhlutar í In Memoriam ehf.	6	137.502	137.502
		<u>137.502</u>	<u>137.502</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	10.000	27.000
Aðrar skammtímakröfur	7	0	1.338.032
Handbært fé	7	9.417.684	4.191.568
		<u>9.427.684</u>	<u>5.556.600</u>
Eignir		<u>9.565.186</u>	<u>5.694.102</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	8	7.073.671	5.126.034
		<u>7.073.671</u>	<u>5.126.034</u>
Skammtímaskuldir			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma		1.045.144	0
Aðrar skammtímaskuldir	9	1.446.371	568.068
		<u>2.491.515</u>	<u>568.068</u>
Skuldir		<u>2.491.515</u>	<u>568.068</u>
Eigið fé og skuldir		<u>9.565.186</u>	<u>5.694.102</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Tekjur umfram gjöld		1.873.325	246.985
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>1.873.325</u>	<u>246.985</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun		1.355.032	(500.590)
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun)		<u>1.923.447</u>	<u>(1.792.756)</u>
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		5.151.804	(2.046.361)
Innborgaðir vextir og arður		114.558	53.673
Greiddir vextir		<u>(40.246)</u>	<u>(20.588)</u>
Handbært fé frá (til) rekstri		<u>5.226.116</u>	<u>(2.013.276)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		5.226.116	(2.013.276)
Handbært fé í upphafi árs		<u>4.191.568</u>	<u>6.204.844</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>9.417.684</u></u>	<u><u>4.191.568</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisrískiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Útistandandi tekjur

Útistandandi tekjur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Launamál

	2014	2013
Laun	1.109.450	1.087.295
Launatengd gjöld	197.765	192.968
	<u>1.307.215</u>	<u>1.280.263</u>

4. Fjármunatekjur

	2014	2013
Vaxtatekjur af bankareikningum	100.788	35.396
Aðrar vaxtatekjur	13.770	18.277
	<u>114.558</u>	<u>53.673</u>

Skýringar

5. Fjármagnsgjöld

	2014	2013
Fjármagnstekjuskattur	(20.149)	(7.074)
Önnur vaxtagjöld	(19.468)	(12.053)
	<u>(40.246)</u>	<u>(20.588)</u>

6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en bókfært virði félagsins er kr. 137.502. Eigið fé félagsins í árslok 2014 er kr. 3.741.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
In Memoriam ehf.	100%	2.000.000	<u>137.502</u>
			<u>137.502</u>

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptakröfur	10.000	27.000
	<u>10.000</u>	<u>27.000</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
KGSÍ (framlag til kirkjugarða)	0	556.522
Útistandandi vsk.	0	381.692
Aðrar kröfur.....	0	399.818
	<u>0</u>	<u>1.338.032</u>

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2014	5.126.034
Hagnaður ársins	1.947.637
Eigið fé 31.12.2014	7.073.671

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Ógreidd laun og launatengd gjöld	74.033	67.074
Ógreiddir ýmsir reikningar	1.372.338	500.994
	<u>1.446.371</u>	<u>568.068</u>

Sundurliðanir

	2014	2013
Félagsgjöld og styrkir		
Skráning ítarefnis	97.000	106.500
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins	303.200	230.400
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði	6.000.000	6.000.000
	<u>6.400.200</u>	<u>6.336.900</u>
Tekjur af útgáfustarfsemi		
Auglýsingatekjur	1.266.885	1.190.191
	<u>1.266.885</u>	<u>1.190.191</u>
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		
Prentun	667.916	689.356
Prófarkalestur og hönnun	614.250	606.000
Annar útgáfukostnaður	45.000	0
Burðargjöld	109.941	267.835
Pökkunarkostnaður	41.790	42.759
	<u>1.478.897</u>	<u>1.605.950</u>
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	1.028.714	993.895
Aksturskostnaður	80.736	93.400
Tryggingagjald	92.224	91.419
Lífeyrissjóður	105.541	101.549
Aðrir sjóðir	1.340	1.291
	<u>1.308.555</u>	<u>1.281.554</u>
Annar kostnaður		
Aðalfundarkostnaður	152.700	331.633
Stjórnarfundakostnaður	187.180	316.882
Fræðslufundir	2.955	20.800
NFKK kostnaður	448.270	199.907
Pappír, prentun og ritföng	144.703	131.145
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl.	473.499	460.626
Önnur aðkeypt þjónusta	0	1.496.830
Auglýsingar	83.775	167.550
Ferðakostnaður	116.000	116.625
Kostnaður vegna gardur.is	1.370.322	1.131.804
Annar kostnaður	26.904	0
	<u>3.006.308</u>	<u>4.392.602</u>

In Memoriam ehf

Ársreikningur

2014

Án endurskoðunar eða könnunar

In Memoriam ehf
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 451200-2750

In Memoriam ehf

Ársreikningur

2014

Án endurskoðunar eða könnunar

Efnisyfirlit

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa í In Memoriam ehf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2014 fyrir fyrirtækið Deloitte ehf. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 4. maí 2015

Deloitte ehf.



Halldór Arason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur In Memoriam ehf fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Enginn rekstur var á árinu 2014.

Stjórn félagsins staðfestir með undirritun sinni ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Reykjavík, 4. maí 2015

Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson
stjórnarformaður

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur			
Styrkur frá Kirkjugarðasambandi Íslands		0	37.600
Aðrar tekjur		0	0
		<u>0</u>	<u>37.600</u>
Rekstrargjöld			
Annar rekstrarkostnaður	*	0	18.800
		<u>0</u>	<u>18.800</u>
Rekstrarhagnaður			
		0	18.800
Fjármunatekjur	2	32	36
Fjármagnsgjöld	3	(6)	(7)
		<u>26</u>	<u>18.829</u>

* Útvarpsgjald er greitt af eigendum félagsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Veltufjármunir			
Handbært fé		3.767	3.741
		<u>3.767</u>	<u>3.741</u>
Eignir		<u>3.767</u>	<u>3.741</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé	4	2.000.000	2.000.000
Eigið fé		(1.996.233)	(1.996.259)
Eigið fé		<u>3.767</u>	<u>3.741</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	10	0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Skuldir		<u>0</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir		<u>3.767</u>	<u>3.741</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		0	18.800
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>0</u>	<u>18.800</u>
Aðrar rekstrartengar eignir (hækkun) lækkun		0	0
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun)		0	(18.800)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>0</u>	<u>0</u>
Innborgaðir vextir og arður		32	36
Greiddir vextir		(6)	(7)
Handbært fé frá rekstri		<u>26</u>	<u>29</u>
Hækkun handbærs fjár		26	29
Handbært fé í upphafi árs		<u>3.741</u>	<u>3.712</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>3.767</u></u>	<u><u>3.741</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

2. Fjármunatekjur

	2014	2013
Vaxtatekjur af bankareikningum	32	36
	32	36

3. Fjármagnsgjöld

	2014	2013
Önnur vaxtagjöld	(6)	(7)
	(6)	(7)

4. Eigið fé

	2014	2013
Eigið fé 1.1.2014	(1.996.259)	(2.015.088)
Hagnaður ársins	26	18.829
Eigið fé 31.12.2014	(1.996.233)	(1.996.259)

Sundurliðanir

	2014	2013
Annar kostnaður		
Útvarpsgjald	0	18.800
	<u>0</u>	<u>18.800</u>

* Útvarpsgjald er greitt af eigendum félagsins.